





FRÁVEITUMÁL Í HRAFNTINNUSKERI

Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu

15.04.2019



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

5723-002-MAT-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01 / 31

VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUÐA

Stefán Jökull Jakobsson

VERKEFNISSTJÓRI – EFLA

Ragnhildur Gunnarsdóttir

LYKILORÐ

Fráveitumál, salernisúrgangur, urðun,

STAÐA SKÝRSLU

- ☐ Í vinnslu
- ☒ Drög til yfirlestrar
- ☐ Lokið

DREIFING

- ☐ Opin
- ☒ Dreifing með leyfi verkkaupa
- ☐ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Fráveitumál í Hrafninnuskeri

VERKHEITI

Fráveitumál í Hrafninnuskeri

VERKKAUÐI

Ferðafélag Íslands

HÖFUNDUR

Ragnhildur Gunnarsdóttir

ÚTDRÁTTUR

Í greinargerð þessari er lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd við förgun salernisúrgangs frá Höskuldsskóla og kamri á tjaldsvæði í Hrafninnuskeri innan friðlands að Fjallabaki. Ferðafélag Íslands rekur skólann, þar sem notast er við þurrsalerni og safntanka. Reynt hefur verið að flytja salernisúrganginn með haugsugu til byggða, en vegir eru afar illfærir í Hrafninnuskeri og aðstæður erfiðar hvað varðar veðurfar. Því er talið áhættusamt, bæði fyrir öryggi starfsfólks og umhverfis, að flytja salernisúrgang til byggða með þungum ökutækjum. Sú leið hefur verið farin að farga salernisúrganginum í gryfjur sem grafnar eru í vikurbrekkur í um 180 metra fjarlægð frá skólanum. Ekki hafa verið sorptunnur á svæðinu en gestir beðnir að flytja allt sorp með sér til byggða. Það hefur gert það að verkum að sumir gesta losa sorp í salernin og borið hefur á að úrgangurinn sjáist á yfirborði förgunarstaðarins. Ferðafélagið sótti um byggingarleyfi fyrir sorpgeymslu sem byggð var haustið 2018. Ferðafélagið hefur einnig fundað með Umhverfisstofnun sem lagði til að félagið sækti um starfsleyfi fyrir urðun salernisúrgangs í Hrafninnuskeri. Undanfari slíkrar umsóknar er að senda fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar.

Í greinargerðinni er farið yfir forsögu málsins og aðstæðum í Hrafninnuskeri lýst. Einnig er farið yfir þau atriði sem snúa að skipulagsmálum og að lokum helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðar lausnar. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan friðlands að Fjallabaki en skóla- og tjaldsvæðið sjálft stendur á gróðursnauðri malaröldu. Hætta á mengun neysluvatns er talin mjög lítil eða engin, þar sem gryfjur til förgunar salernisúrgangs hafa verið grafnar langt utan brunn- og grannsvæðis neysluvatnsinntaks Höskuldsskóla. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á fornminjar eða jarðmyndanir. Framkvæmdin er ekki talin líkleg til að hafa neikvæð áhrif á ásjúnd þar sem gryfjur til förgunar salernisúrgangs sjást ekki frá skóla. Hins vegar er gert ráð fyrir að magn sorps sem ekki brotnar niður í náttúrunni að minnki umtalsvert eftir byggingu sorpgeymslu haustið 2018, og því eru líkur á að svæði þar sem salernisúrgangi verður fargað verði lítt eða ekki sýnilegt gestum.



ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Ragnhildur Gunnarsd.	8.4.19	Reynir Sævarsson, Friðrik K. Gunnarsson, Ferðafélag Íslands	5.4.19	Ragnhildur Gunnarsd.	
Fyrstu drög						

SAMANTEKT

Í greinargerð þessari er lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd við förgun salernisúrgangs frá Höskuldsskála og kamri á tjaldsvæði í Hrafninnuskeri innan friðlands að Fjallabaki. Ferðafélag Íslands rekur skálann þar sem notast er við þurrsalerni og safntanka. Reynt hefur verið að flytja salernisúrganginn til byggða með haugsugu, en vegir eru afar illfærir í Hrafninnuskeri og allra veðra von að hausti þegar losun safntanka fer fram. Því er talið áhættusamt, bæði fyrir öryggi starfsfólks og umhverfis, að flytja salernisúrgang til byggða með þungum ökutækjum. Sú leið hefur verið farin að farga salernisúrganginum í gryfjur sem grafnar eru í vikurbrekkur í um 180 m frá skálanum. Ef flytja ætti salernisúrgang til byggða þyrfti að byggja upp og bæta veginn, sem hefði í för með sér umhverfisáhrif sem gætu verið óæskilegri en förgun úrgangsins innan skálasvæðis. Ekki hafa verið sorptunnur á svæðinu og gestir beðnir að flytja allt sorp með sér til byggða, en það hefur gert það að verkum að í þurrsalernin er sett ýmis konar sorpi, svo sem dömubindum og blautklútum, sem brotna illa eða ekki niður í náttúrunni. Borið hefur á að þessi úrgangur sjáist á yfirborði förgunarstaðarins. Ferðafélagið sótti um byggingarleyfi fyrir sorpgeymslu sem byggð var haustið 2018 en um er að ræða 20 feta gám sem klæddur hefur verið að utan með bárujárn til að halda sama stíl og önnur hús á skálasvæðinu. Sumarið 2019 er áætlað að koma upp ruslabiðum á salernum og í sorpgeymslunni er aðstaða til að geyma sorppoka, sem fluttir verða til byggða eftir þörfum. Ferðafélagið hefur einnig fundað með Umhverfisstofnun sem lagði til að félagið sækti um starfsleyfi fyrir urðun salernisúrgangs í Hrafninnuskeri. Undanfari slíkrar umsóknar er tilkynning framkvæmdarinnar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu skv. 6 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. tölulið 11.7. í 1. viðauka laganna.

Í greinargerð þessari er farið yfir forsögu málsins og aðstæðum í Hrafninnuskeri lýst. Einnig er farið yfir þau atriði sem snúa að skipulagsmálum og að lokum helstu umhverfisáhrif lausnarinnar.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan friðlands að Fjallabaki en skála- og tjaldsvæðið sjálft stendur á gróðursnauðri malaröldu. Hætta á mengun neysluvatns er talin vera mjög lítil eða engin, þar sem gryfjur til förgunar salernisúrgangs hafa verið grafnar langt utan brunn- og grannsvæðis neysluvatnsinntaks Höskuldsskála. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á fornminjar eða jarðmyndanir. Framkvæmdin er ekki talin líkleg til að hafa neikvæð áhrif á ásýnd þar sem gryfjur til förgunar salernisúrgangs sjást ekki frá skála en sjást frá tjaldsvæði. Hins vegar ætti magn sorps sem ekki brotnar niður í náttúrunni að minnka umtalsvert eftir byggingu sorpgeymslu haustið 2018, og því eru líkur á að svæði þar sem salernisúrgangi verður fargað verði lítt ekki sýnilegt gestum.

EFNISYFIRLIT


SAMANTEKT	6
1 INNGANGUR	9
1.1 Staðsetning og forsaga	9
1.2 Núverandi salernis- og fráveitumál í Hrafninnuskeri	11
1.3 Mat á umhverfisáhrifum	13
2 HELSTU FORSENDUR OG UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA	14
2.1 Helstu forsendur	14
2.2 Útfærsla framkvæmdar	18
2.3 Fyrirhugað umfang framkvæmdar	19
3 SKIPULAG	20
3.1 Lög um náttúruvernd nr. 60/2013	20
3.2 Landsskipulagsstefna	20
3.3 Aðalskipulag	21
3.4 Svæðisskipulag miðhálandis 2015	21
3.5 Deiliskipulag	21
3.6 Stjórnunar- og verndaráætlun	21
3.7 Leyfi sem framkvæmdin er háð	21
4 HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR	22
4.1 Vatnsgæði	23
4.2 Ásýnd	23
4.3 Jarðmyndanir	24
4.4 Menningarminjar	25
4.5 Náttúrufar og vernd	25
4.6 Útivist og ferðamennska	25
4.7 Lykt	26
4.8 Samantekt á umhverfisáhrifum og niðurstaða	26
4.9 Vöktun vatnsgæða og jarðvegsmengunar	27
5 SAMRÁÐ	28
6 HEIMILDASKRÁ	29
7 VIÐAUKI I	30

MYNDASKRÁ

Mynd 1	Mörk Friðlands að Fjallabaki. Kort er fengið úr skýrslu starfshóps um friðland að Fjallabaki (UST, 2016).	9
Mynd 2	Staðsetning Höskuldsskála í Hrafninnuskeri innan Friðlands að Fjallabaki.	10
Mynd 3	Höskuldsskáli eftir stækkun árið 2007 (vinstri mynd) og kamar á tjaldsvæði (hægri mynd). Myndin af skálanum er tekin frá tjaldsvæði og sjá má að yfirborðið einkennist af sandi, fastri klöpp og lausum steinum (Deiliskipulag skálasvæðis við Hrafninnusker, 2010).	11
Mynd 4	Deiliskipulag skálasvæðis við Hrafninnusker. Á myndinni sjást mörk deiliskipulags, veitur og núverandi tjaldsvæði (Deiliskipulag skálasvæðis við Hrafninnusker, 2010).	12
Mynd 5	Vegir í Hrafninnuskeri sem oft eru illfærir (fyrstu þrjár myndirnar). Myndirnar eru teknar 14. og 15. september 2018. Neðstu tvær myndirnar eru teknar 15. og 16. september 2018, og sýna hversu fljótt veður og aðstæður geta breyst í Hrafninnuskeri. Höskuldsskáli er lengst til vinstri á neðstu myndunum, skálavörðahús í miðju, og sorpgeymsla lengst til hægri (ljósmyndir frá Ferðafélagi Íslands, 2019).	15
Mynd 6	Tilraun Ferðafélags Íslands til að grófhreinsa sorp úr salernisúrgangi frá Höskuldsskála 14. september 2018. Fyrsta mynd sýnir haugsugu sem tæmdi safntanka við skálann og næstu tvær myndir sýna rækjunetið sem strengt var yfir botn og hliðar gryfju sem grafinn var til förgunar salernisúrgangsins. Síðustu þrjár myndirnar sýna salernisúrganginn í gryfjunni og skálavörð Höskuldsskála er hann rakar úrgangi úr netinu (ljósmyndir frá Ferðafélagi Íslands, 2019).	17
Mynd 7	Staðsetning förgunarstaðar salernisskólps frá Höskuldsskála. Fjarlægð frá Höskuldsskála að förgunarstað salernisskólps er um 180 m norðaustur af skálanum. Grófleg staðsetning förgunarstaðar er merkt inn á kortið með rauðum hring (merking höfundar).	22
Mynd 8	Friðland að Fjallabaki ásamt Torfajökulseldstöðinni. Friðlandið er ljóslitað með grænum útlínum en þverstrikaða svæðið sýnir eldstöðina, og svartar línur sveitarfélagsmörk (UST, 2016).	24

Friðlýst var samkvæmt 24. gr. þáverandi gildandi laga um náttúruvernd nr. 47/1971, en þar var friðland skilgreint sem: *Landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs*. Í lögunum kom einnig fram að bannað væri að raska náttúrufari svæðanna eða spilla svip landsins (UST, 2016). Fjölbreytt landslag ásamt sérstöku en jafnframt viðkvæmu lífríki, kyrrð og öræfaauðn eru meginþekki friðlands að Fjallabaki (UST, 2019). Friðlandið er allt ofan 500 m yfir sjávarmáli (m.y.s.) og er landið fjöllótt og mótað af eldvirkni og jarðhita. Litadýrð er mikil, meðal annars fyrir líparít og hraftinnu í fjöllum.

Laugavegurinn er gönguleið milli Landmannalauga og Þórsmerkur en það er ein vinsælasta gönguleið landsins. Á þeirri leið er Höskuldsskáli í Hraftinnuskeri, sem staðsett er innan friðlandsins, en skálinn er í eigu Ferðafélags Íslands (sjá staðsetningu skála á mynd 2 og ljósmynd af skálanum á mynd 3). Skálinn stendur í hlíðardragi og í litlum gíslakka á milli Söðuls og Hraftinnuskers. Skálinn var reistur um 1977 en viðbygging kom við skálann 2007 (Deiliskipulag skálasvæðis við Hraftinnusker, 2010). Höskuldsskáli tekur 52 manns í gistingu og er aðeins ætlaður gangandi fólki en illfær vegaslóði liggur að skálanum sem eingöngu er notaður til að flytja vistir til og frá skálans yfir hásumarið. Hraftinnusker er í 1.140 m.y.s. en skálinn stendur í um 1.028 m.y.s. Þangað er ófært á vetrum og skálinn því eingöngu opin og mannaður á sumrin. Opnun skálans fer eftir snjóalögum og ástandi veganna en í meðalári má ganga út frá því að opið sé í Hraftinnuskeri frá 25. júní til 16. september. Skálinn er að öllu jöfnu fullbokaður yfir sumarið og voru gistinætur tæplega 5000 í Höskuldsskála og tæplega 3000 á tjaldsvæði sumarið 2018 (Ferðafélag Íslands, 2019).



MYND 2 Staðsetning Höskuldsskála í Hraftinnuskeri innan Friðlands að Fjallabaki. Kort er fengið af heimasíðu Ferðafélags Íslands (apríl 2019).



MYND 3 Höskuldsskáli eftir stækkun árið 2007 (vinstri mynd) og kamar á tjaldsvæði (hægri mynd). Myndin af skálanum er tekin frá tjaldsvæði og sjá má að yfirborðið einkennist af sandi, fastri klöpp og lausum steinum (Deiliskipulag skálasvæðis við Hrafninnusker, 2010).

1.2 Núverandi salernis- og fráveitumál í Hrafninnuskeri

Eldhús með rennandi köldu vatni er í skálanum og er salernisaðstaða sambyggð skálanum. Ekki er þó innangengt á salerni úr skála. Vatn er af skornum skammti á svæðinu og ógerlegt er að koma fyrir rotþró og siturbeði vegna jarðgrunns- og landfræðilegra aðstæðna. Þegar það er tilfellið má samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, uppfylla skilyrði um skólphreinsun með öðrum aðferðum, t.d. þurrsalernum og safntönkum, liggi skriflegt samþykki heilbrigðisfulltrúa fyrir. Slíkt leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands (HSL) liggur fyrir í Hrafninnuskeri og því er notast við þurrsalerni. Handvaskar eru á salernum og fer frárennsli þeirra í grótsvelg. Einnig er kamar staðsettur á tjaldsvæðinu skammt neðan við skálann en sá kamar var reistur árið 2007 (sjá mynd 3). Engin sturtuaðstaða er á svæðinu. Sjá má deiliskipulag skálasvæðis við Hrafninnusker á mynd 4 en þar er staðsetning veitna einnig sýnd (sjá deiliskipulag í viðauka 1).

aðgerðum sem nú þegar hefur verið ráðist í, en farga salernisúrgangi í gryfjur í vikurbökkum innan Hrafninnuskers, eins og gert hefur verið, enda hafi jarðvegs- og vatnssýnataka árið 2017 ekki sýnt fram á neikvæð áhrif þeirrar framkvæmdar á jarðvegs- eða vatnsgæði. Um þessi atriði verður nánar fjallað í kafla 2.

1.3 Mat á umhverfisáhrifum


Ferðafélags Íslands hefur í hyggju að sækja um starfsleyfi fyrir urðun salernisúrgangs hjá Umhverfisstofnun en undanfari þess er að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmd við förgun salernisúrgangs í Hrafninnuskeri innan friðlands að Fjallabaki er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. 11.7. lið í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, þar sem umrædd framkvæmd fellur undir skilgreininguna „förgunarstöðvar fyrir seyru á verndarsvæðum“. Ferðafélag Íslands hefur falið verkfræðistofunni EFLU að undirbúa greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar.

2 HELSTU FORSENDUR OG UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA

Í þessum kafla verður farið yfir helstu forsendur þeirrar fráveitulausnar sem lögð er til fyrir Höskuldsskála í Hrafninnuskeri. Farið er yfir þær leiðir sem reyndar hafa verið nú þegar varðandi salernis- og fráveitumál og loks er lýsing á þeirri framkvæmd sem lögð er til.

2.1 Helstu forsendur

Eins og lýst var í kafla 1.2 hefur sá háttur verið hafður á í Hrafninnuskeri undanfarin 20-30 ár að grafa salernisúrgang í gryfjur sem grafnar eru árlega í vikurbrekkum norðaustan við skálann. Eftir heimsókn heilbrigðiseftirlitsins í Hrafninnusker árið 2017 var minnisblað sent til Ferðafélags Íslands þess efnis að losun salernisúrgangs á skálasvæðinu í Hrafninnuskeri samræmist ekki 13. gr. reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru en þar segir að salernisúrgang, sem ekki verður notaður, skuli flytja til móttökustöðvar sem hefur til þess starfsleyfi. Ferðafélagið hefur reynt að tæma safntanka skálans og flytja salernisúrganginn til byggða en vegir á svæðinu og út af því eru mjög illfærir og sér í lagi fyrir þung ökutæki. Tvisvar sinnum hefur haugsuga næstum oltið út af veginum við flutning á salernisúrgangi af svæðinu sem hefði getað haft í för með sér alvarleg slys á fólki og mikið umhverfistjón. Ef mögulegt ætti að vera að flytja salernisúrgang af svæðinu þyrfti uppbygging vega að koma til. Vegi á svæðinu má sjá á mynd 5 en ljósmyndirnar voru teknar 14. og 15. september 2018 en þó orðið mjög snjópungt á svæðinu þetta snemma árs. Sviptingar í veðri geta einnig verið miklar í Hrafninnuskeri, eins og neðstu tvær ljósmyndirnar á mynd 5 sýna, en fyrri myndin var tekin 15. september 2018 um eftirmiðdag en sú seinni um hádegi næsta dag.



MYND 5 Vegir í Hrafninnuskeri sem oft eru illfærir (fyrstu þrjár myndirnar). Myndirnar eru teknar 14. og 15. september 2018. Neðstu tvær myndirnar eru teknar 15. og 16. september 2018, og sýna hversu fljótt veður og aðstæður geta breyst í Hrafninnuskeri. Höskuldsskáli er lengst til vinstri á neðstu myndunum, skálavarðahús í miðju, og sorpgeymsla lengst til hægri (ljósmyndir frá Ferðafélagi Íslands, 2019).

Í minnisblaði HSL frá 2017 voru nefndar nokkrar úrbótatillögur, til að mynda að koma upp lágmarks sorpsöfnun á svæðinu, þar með talið setja ruslabiður með loki inn á öll salernisrými og að setja upp skilmerkilegar leiðbeiningar á salernum og ítreka mikilvægi þess að ekkert megi fara í salernin annað en það sem rekja má til eðlilegrar líkamsstarfsemi. Einnig var lagt til að reyna grófhreinsun á salernisúrgangi fyrir förgun hans og var það reynt sumarið 2018 með hjálp rækjunets sem lagt var í gryfjur þær sem grafnar voru fyrir salernisúrganginn. Tilraunina má sjá á mynd 6.





MYND 6 Tilraun Ferðafélags Íslands til að grófhreinsa sorp úr salernisúrgangi frá Höskuldsskála 14. september 2018. Fyrsta mynd sýnir haugsugu sem tæmdi safntanka við skálann og næstu tvær myndir sýna rækjunetið sem strengt var yfir botn og hliðar gryfju sem grafinn var til förgunar salernisúrgangsins. Síðustu þrjár myndirnar sýna salernisúrganginn í gryfjunni og skálavörð Höskuldsskála er hann rakar úrgangi úr netinu (ljósmyndir frá Ferðafélagi Íslands, 2019).

Eins og mynd 6 sýnir reyndist erfitt verk að grófhreinsa salernisskólpið með hjálp rækjunetsins, sem þó var fest niður í jarðveginn áður en losun skólps ofan í gryfjuna fór fram. Rækjunetið losnaði frá köntum gryfjunnar svo erfitt reyndist að ná því aftur upp eftir að skólpið hafði sigið ofan í jarðveginn. Einnig má sjá að nálægð starfsmanns Ferðafélagsins við sóttmengað sorpið var mikil sem þykir óæskilegt og getur verið sjúkdómsvaldandi ef viðkomandi er ekki bólusettur fyrir sjúkdómum sem borist geta með óhreinsuðu skólpi, t.d. stífkrampa og lífrarbólgu A (BFA, 2019).

18. júní 2018 átti Ferðafélag Íslands fund með Umhverfisstofnun þar sem fyrrgreindar tilraunir ferðafélagsins til úrbóta á sviði fráveitumála voru ræddar, svo sem flutningur á salernisúrgangi til byggða og grófhreinsun úrgangs með neti, en einnig var rætt hvort ekki mætti notast við annars konar salerni en þá gerð þurrsalerna sem notuð eru á skálasvæðinu í dag. Af öðrum tegundum salerna sem ekki nota vatnsskol ber helst að nefna þurrsalerni þar sem þvag er síað frá saur og salernispappír (sem er ekki gert í Hrafninnuskeri) en slíkar lausnir henta vel ef aðstæður leyfa að tunnur með saur og salernispappír séu fluttar af staðnum. Hins vegar er reynsla Ferðafélags Íslands sú, að skynsamlegast sé að halda akstri þungra ökutækja í lágmarki innan svæðisins af ýmsum ástæðum, t.d. þar sem vegir eru illfærir og þyrftu á uppbyggingu að halda fyrir aukinn akstur stórra ökutækja. Því þykir ekki ákjósanlegt að fara þá leið að safna saur og salernispappír í tunnur til að aka þeim síðar til byggða. Þegar notast er við þess háttar þurrsalernislausnir þarf að leiða þvag í siturbeð eða safna því í lokaðan

tank og flytja það af staðnum er tankurinn fyllist. Slík þurrsalernislausn hefur verið tekin í notkun í Vatnajökulspjóðgarði, í Vikraborgum, og hentar aðstæðum þar vel. Ekki er neysluvatnstaka á þeim stað og þvag er leitt beint í siturbeð til hreinsunar, en tunnur fullar af saur af salernispappír eru fluttar af staðnum til jarðgerðar á öðrum stað, enda vegaaðgengi betra í Vikraborgum en í Hrafninnuskeri. Þessi lausn þykir þó ekki hentug í Hrafninnuskeri þar sem annað hvort þyrfti að flytja fullar salernistunnur af svæðinu ef jarðgera ætti salernisúrganginn því jarðgerð er ekki möguleg í því veðurfari og kulda sem er stærstan hluta árs í Hrafninnuskeri. Hinn kosturinn, ef notast væri við slíka þurrsalernislausn, væri að urða þurrsalernisúrgang úr tunnum innan skálasvæðisins en það er sambærilegt við það sem Ferðafélagið óskar eftir að gera við núverandi salernisúrgang. Ávinningurinn af því að taka upp þurrsalernislausn með aðskilnaði þvags frá saur væri því lítill. Þess utan þarf að vera hægt að koma þurrsalernistunnum undir salernisbyggingu en það er óhentugt á snjóþungum svæðum nema til talsverðra breytinga á salernisbyggingu komi, en slíkt getur verið mjög kostnaðarsamt. Brennslusalerni er önnur gerð vatnslausra salerna en þau henta vel þar sem notkun salerna er mjög lítil. Þegar notendur eru fleiri en um það bil 5 manns, þykir sú lausn óhentug þar sem takmörk eru fyrir því hversu miklum úrgangi er hægt að brenna í einu. Eins og tæknin er í dag henta slík salerni því ekki stöðum eins og Höskuldsskála þar sem daglegur gestafjöldi er mikill, og flestir eða allir nota salerni.

Af öllum ofangreindum ástæðum hefur Ferðafélag Íslands í hyggju að sækja um starfsleyfi fyrir urðun salernisúrgangsins hjá Umhverfisstofnun og verður útfærsla þeirrar framkvæmdar lýst í kafla 2.3.

2.2 Útfærsla framkvæmdar

Í kjölfar þess að Ferðafélag Íslands fékk minnisblað sent frá HSL sótti félagið um byggingarleyfi fyrir byggingu sorpgeymslu, og reis hún haustið 2018. Geymsluna má sjá við á mynd 5 (síðustu tvær myndir, þar sem Höskuldsskáli er lengst til vinstri, skálavarðahús í miðju og sorpgeymsla lengst til hægri). Einnig verða setta ruslabíður inn á hvert salerni sumarið 2019, ásamt skilmerkilegum leiðbeiningum þess efnis að ekkert megí fara í salernin annað en saur, þvag og salernispappír. Útfærsla fyrirhugaðrar framkvæmdarverður með sama hætti og áður; grafnar verða gryfjur til urðunar salernisúrgangs; en líklegt er að sorp í salernisúrgangi minnki umtalsvert eftir byggingu sorpskýlisins. Ferðafélag Íslands áætla að bygging þess muni minnka sorp sem áður var losað í salernin um 80% eða meira.

Framkvæmd við förgun salernisúrgangs verður með þessum hætti: Haugsuga kemur að hausti þegar svæðinu hefur verið lokað og tæmir safntanka þurrsalerna og kamar á tjaldsvæði. Grafin verður gryfja í vikurbrekkum norðaustan við skálann, langt utan brunn- og grannsvæðis (sjá mynd 4 af deiliskipulagi skálasvæðis og stækkaða mynd í viðauka 1 en þar kemur fram hvar vatnsinntak og brunn- og grannsvæði er staðsett) þar sem salernisskólpið verður urðað. Reynt verður að grafa gryfjur á nýjum stað ár hvert. Gistínáttafjöldi sumarið 2018 var tæplega 5000 í Höskuldsskála og tæplega 3000 á tjaldsvæði (Ferðafélag Íslands, 2019). Safntankar þurrsalerna í Hrafninnuskeri rúma samanlagt um 33.000 L og hafa tankarnir jafnan verið næsta fullir að hausti. Áætlað magn salernisúrgangs samsvarar því að öllum líkindum rúmmáli tanka (minnisblaði HSL frá 2017). Lekt er mikil í vikurgryfjunum og því hefur losun salernisúrgangs í neðri jarðlög tekið skamman tíma. Salernisúrgangur verður losaður úr haugsugum í gryfjurnar til að þurfa ekki að flytja úrganginn til byggða. Venjulega hefur tekið salernisúrganginn um 6 klukkustundir að síga niður í neðri jarðlög (Ferðafélag Íslands, 2019). Að losun lokinni verður uppgrafið efni grafið fært aftur ofan í gryfjurnar til að minnka ásynd frá skála- og

tjaldsvæði að gryfjum en einnig til að minnka hættu á að mengun berist frá gryfjum, t.d. með fugli eða flugum. Sorp úr sorpgeymslu við Höskuldsskála verður flutt til byggða og á móttökustað sorps.

2.3 Fyrirhugað umfang framkvæmdar

Framkvæmdin kallar ekki á byggingu mannvirkja heldur er fyrirhugað að salernisúrgangi verði fargað í þar til gerðar gryfjur, grafnar í vikurbrekkur í öruggri fjarlægð og neðanstraums við vatnsinntak skálasvæðis. Tekin hefur verið ný gryfja árlega og reynt að grafa á nýjum stað í hvert sinn. Þess verður gætt að jarðvegur úr uppgreftri gryfjanna verði settur aftur ofan í gryfjurnar að losun salernisúrgangs lokinni en það minnkar ásýnd gryfjanna frá skála- og tjaldsvæði, auk þess að minnka mengunarhættu.

3 SKIPULAG

Friðland að Fjallabaki var friðlýst samkvæmt 24. gr. áður gildandi laga um náttúruvernd nr. 47/1971. Þau lög og þær reglugerðir sem eiga við um fráveitumál í Hrafninnuskeri eru lög um náttúruvernd nr. 60/2013, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp með síðari breytingum, reglugerð um meðhöndlun seyrur nr. 799/1999, reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 með síðari breytingum, og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

3.1 Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

Í lögum um náttúruvernd segir að friðlýsa megi afmörkuð svæði sem friðlönd til að vernda tiltekna vistgerðir og búsvæði og styrkja verndun tegunda lífvera sem eru sjaldgæfar eða í hættu, eða til að vernda lífríki sem er sérstaklega fjölbreytt eða sérstætt. Takmarka má umferð um friðlönd á vissum tímum árs eða á tilteknum stöðum ef það er nauðsynlegt til að ná markmiði friðlýsingarinnar.

3.2 Landsskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu Íslands 2015-2026 er sett fram stefna um skipulagsgerð sveitarfélaga. Uppbygging fráveitulausnar í Hrafninnuskeri styður við eftirtalin markmið stefnunnar:

2.2.2 Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Það getur m.a. falist í stefnu um vistheimt og verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt **verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd.**“

3.3.2 Heilnæmt umhverfi

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, **fráveitu**, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem

varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.“

3.3 Aðalskipulag

Gildistími aðalskipulags Rangárþings ytra er frá 2010–2022. Í gildandi aðalskipulagi er gerð grein fyrir meðal annars afréttarnotkun, verndarsvæðum (þar með talið friðlandi að Fjallabaki), ferðamennsku, veitumannvirkjum og fleira. Meginhluti Landmannaafréttar fellur undir einhvers konar verndarsvæði og er friðland að Fjallabaki það svæði sem friðlýst er samkvæmt náttúruverndarlögum. Stór svæði eru á náttúruminjaskrá og ná þau yfir ýmsar mikilvægustu og merkustu náttúruminjar hálendisins. Svæði þessi ná yfir stórar landslagsheildir og lítt röskuð víðerni, auk þess sem norðurhlutinn er felldur undir hverfisvernd. Vatnsverndarsvæði ná yfir hraunasvæðin sunnan Heklu. Á Landmannaafrétti (hálendissvæði Rangárþings ytra) er eftirfarandi skipulagsáætlun innan friðlandsins í gildi:

- Landmannahellir - gildandi deiliskipulag, dags. 8. apríl 2010 með breytingum sem gerðar voru 15. apríl 2015.

3.4 Svæðisskipulag miðhálendis 2015

Í svæðisskipulagi miðhálendisins er Hrafninnusker merkt sem fjallasel og segir í skipulaginu að fjallasel séu oft í takmörkuðu eða engu vegasambandi en það á vel við um Hrafninnusker. Skála- og tjaldsvæðið við Hrafninnusker er innan svæðið miðhálendisins og fellur þar með undir lög um mat á umverfisáhrifum áætlana sbr. lög nr. 105/2006, viðauka 2, lið 12d.

3.5 Deiliskipulag

Sveitarstjórn Rangárþings samþykkti deiliskipulag á skálasvæðinu við Hrafninnusker og er deiliskipulag í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra. Deiliskipulagið nær til 1 ha svæðis (sjá mynd 4).

3.6 Stjórnunar- og verndaráætlun

Umhverfisstofnun annast gerð stjórnunar – og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði en slík áætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, viðkomandi sveitarstjórnir og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hasmunaaðila. Vinna við undirbúning að gerð stjórnunar –og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki hófst formlega í upphafi árs 2017 þar sem megin markmiðið er að móta framtíðarsýn og stefnu um verndun friðlandsins og hvernig viðhalda megi verndargildi svæðisins. Gerð þeirrar áætlunar er ekki lokið.

3.7 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Framkvæmdaleyfi: Umhverfisstofnun veitir leyfið

Starfsleyfi: Umhverfisstofnun veitir leyfið

4 HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR

Í þessum kafla verður mögulegum áhrifum af áframhaldandi förgun salernisúrgangs á umhverfi í Hrafninnuskeri lýst. Á mynd 4 má sjá deiliskipulag skálasvæðis við Hrafninnusker, en staðsetning núverandi förgunarsvæðis salernisúrgangs er sýnd á mynd 7.



MYND 7 Staðsetning förgunarstaðar salernisskólps frá Höskuldsskála. Fjarlægð frá Höskuldsskála að förgunarstað salernisskólps er um 180 m norðaustur af skálanum. Grófleg staðsetning förgunarstaðar er merkt inn á kortið með rauðum hring (merking höfundar).

4.1 Vatnsgæði

Kalt vatn er fengið úr vatnslind sem sprettur upp í snarbröttu gili um sem staðsett er í um 120 m fjarlægð vestur frá skálanum. Úr lindinni rennur vatni í leiðslu að dælu sem er um 25 m fyrir neðan skála en hún er knúin með gufuskilju frá nálægum jarðhver. Neysluvatninu er síðan dælt upp í ryðfrían 10 þúsund lítra ryðfrían stálbrunn sem grafinn er í jörðu norðvestan við skálann (greinargerð með deiliskipulagi skálasvæðis við Hrafninnusker, 2010). Brunnsvæðið og grannsvæðið er merkt inn á deiliskipulagsupprátt (sjá mynd 4).

Vatnsbólið er í öruggri fjarlægð frá mannvirkjum og allri starfsemi sem spillt gæti neysluvatninu (greinargerð með deiliskipulagi skálasvæðis við Hrafninnusker, 2010). Fjarlægð frá skála að förgunarstað salernisskólps er um 180 m í norðaustur og liggur land lægra þar en vatnsinntak skálasvæðis (sjá staðsetningu förgunarstaðar á mynd 7). Ofan við vatnsbólið liggur vegslóðin að skálanum og þarf á einum stað að fara varlega því skammt frá er vatnstankurinn niðurgraffinn og vatnsbólið þar neðan við. Lítil sem engin umferð er á svæðinu. Frárennsli handvaska á salernum fer í grjótsvelg og er ekki talin hætta á mengun grunnvatns af völdum þess (Deiliskipulag skálasvæðis við Hrafninnusker, 2010).

Aðrennslisstefna vatnsbóls er með þeim hætti að lítil sem engin hætta er talin vera á mengun frá kamri á tjaldsvæði eða frá förgunarstað en á mynd 4 má sjá hæðarlínur á staðnum sem sýna að vatnsbólið stendur ofan við þann stað þar sem salernisúrgangurinn er grafinn niður í dag og er sama staðsetning fyrirhuguð fyrir framkvæmdina. Staðsetning gryfjanna er langt utan brunn- og grannsvæðis skálans (sjá myndir 7 og 9). Eiginleikar jarðvegs til að hreinsa skólp á köldum landssvæðum hafa einnig reynst vera góðir, og hafa niðurstöður rannsókna sýnt fram á góða eiginleika jarðvegs til að hreinsa bæði næringarefni og örverur úr skólpi (Norsk Institutt for Bioøkonomi, 2018; Jenssen o.fl., 2014).

HSL fór ásamt landverði í Friðlandi að Fjallabaki og umsjónarmanni Höskuldsskála að skálasvæðinu í Hrafninnuskeri 5. september 2017 og var tilgangur ferðarinnar að athuga fyrirkomulag förgunar salernisúrgangs á svæðinu. Tekin voru vatnssýni úr uppsprettu neysluvatns á svæðinu og var niðurstaðan sú að vatnssýnið uppfyllti gæðakröfur samkvæmt reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.

Af ofangreindum ástæðum og fyrirbyggjandi niðurstöðum rannsókna á neysluvatnsgæðum í Hrafninnuskeri er ekki talið að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á gæði vatns á svæðinu.


4.2 Ásýnd

Reynt hefur verið að grafa gryfjur fyrir salernisúrganginn eins langt frá og ekki í sjónmáli frá skálanum og tjaldsvæði og hægt er en fjarlægð frá skála að förgunarstað er um 180 m. Nokkur byrgi (gerð af gestum úr lausum steinum á staðnum) á tjaldsvæðinu eru þó nær förgunarstaðnum og sést hann vel þaðan. Við skoðun HSL á förgunarstaðnum mátti sjá merki um úrgangi á yfirborði.

Ekki er talið líklegt að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd. Þar sem aðstöðu fyrir úrgang hefur verið reist mun sorp að öllum líkindum minnka mikið í salernisúrgangi og því ætti minna rusl að vera sýnilegt við förgunarstað, sem bætir ásýnd frá tjaldsvæði þaðan sem sést til gryfjanna.

4.3 Jarðmyndanir

Torfajökulssvæðið, eða Torfajökulseldstöðin, nær yfir 700 km² svæði í syðri hluta hálendis Íslands og er í 600-1.200 m.y.s. Friðland að Fjallabaki nær einungis yfir hluta eldstöðvarinnar eða um 446 km² (UST, 2016) eins og sýnt er á mynd 10. Á Torfajökulssvæðinu er stærsta líparítssvæði landsins en það er jafnframt stærsta og öflugasta háhitasvæði landsins.



MYND 8 Friðland að Fjallabaki ásamt Torfajökulseldstöðinni. Friðlandið er ljóslitað með grænum útlínunum en þverstrikada svæðið sýnir eldstöðina, og svartar línur sveitarfélagsmörk (UST, 2016).

Innan Torfajökulssvæðinu er að finna einstakar jarðminjar á heimsvísu, svo sem líparít stapa og fágæt jarðhitafyrirbæri á yfirborði (UST, 2016). Eldvirkni og virk roföfl, svo sem jöklar og jökulár, hafa mótað svæðið og einkennist landslagið af hraunum, skorningum, gígum og ljósum áreyrum. Innan Torfajökulssvæðisins er megineldstöð, Torfajökulseldstöðin, en hún einkennist af stórra sporöskjulaga öskju eða sigkatli sem talin er hafa myndasta fyrir um 500.000 árum. Norðan við Torfajökulssvæðið er Bárðarbungueldstöðin með gos- og sprungureinar sem teygja sig til suðvestur allt til Landmannalauga. Svæðið hefur einstakan og mikinn jarðfræðilegan breytileika, bæði á landsvísu og á heimsvísu. Snemma á síðasta jökulskeiði, fyrir um 70.000 árum, varð mikil goshrina sem myndaði fjölda líparítfjalla á jöðrum öskjunnar og tilheyra flest hæstu líparítfjöllin á svæðinu þeirri hrinu. Má þar nefna Laufafell og Rauðfossafjöll sem eru líparítstapar myndaðir við gos undir jökli og eru þeir einstakir jafnt á landsvísu og á heimsvísu. Megin einkenni friðlands að Fjallabaki eru fjölbreytt landslag og landslagsheildir, mikill breytileiki jarðminja og jarðhitafyrirbæra, litadýrð svæðisins, hið sérstaka en viðkvæma lífríki, öræfaauðn, víðerni og kyrrð (UST, 2016) en skálasvæðið sjálft er staðsett á gróðursnauðri malaröldu.

Talið er að framkvæmdin muni engin áhrif hafa á jarðmyndanir. Aukin hætta er talin vera á raski jarðmyndana ef flytja ætti salernisúrgang af svæðinu með tilheyrandi akstri þungra ökutækja um illfæra vegi.

4.4 Menningarminjar

Ekki er til kerfisbundin fornleifaskráning á svæðinu þrátt fyrir að fornleifaskráning sé til staðar á afmörkuðum blettum innan Fjallabaks. Friðlandið er ekki ríkt af fornleifum en þó eru þar talsvert um samgönguminjar og minjar um fjárleitir, varðaðar leiðir og gangnamannakofar. Einnig eru til upplýsingar um menningarminjar að Fjallabaki og er þær helst að finna í ferðasögum og sögum af smalamennsku (UST, 2016).

Í eða í námunda við Hrafninnusker eru þó engar friðlýstar fornminjar skráðar samkvæmt minjavefsjá Minjastofnunar Íslands og því mun framkvæmdin ekki hafa áhrif á fornminjar.

4.5 Náttúrufar og vernd

Á svæðum sem liggja hátt yfir sjó og langt inn til landsins má almennt vænta fábreytts lífríkis en á Torfajökulssvæðinu er lífríkið nokkuð fjölbreytt vegna hinna margbreytilegu aðstæðna sem þar finnast, og skipar jarðhiti þar stórt hlutverk (UST, 2016). Jarðhitategundir eins og naðurtunga og grámygla finnast á Torfajökulssvæðinu og einnig sex tegundir af jarðhitamosa, og eru sumar af þessum tegundum á valista (Ásrún Elmarsdóttir o.fl., 2010). Einnig hafa rannsóknir á hveraörverum á jarðhitasvæðum friðlandsins sýnt mikla fjölbreytni og eru nokkrar tegundir einstakar á heimsvísu.

Haustið 2017, í vettvangsferð HSL í Hrafninnusker, voru tekin sex jarðvegssýni úr gryfju á förgunarstað salernisúrgangs og send til greiningar á þungmálmum. Styrkur kadmíums, kopars, nikkels, blýs, sinks og kvikasilfers var í öllum sýnum undir umhverfismörkum fyrir styrk þungmálma í jarðvegi sem seyra er borin á skv. reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999.

Á deiliskipulagssvæði Höskuldsskála eru engar friðlýstar náttúruminjar. Skálasvæðið er, sem fyrr hefur verið lýst, staðsett á gróðursnauðri malaröldu og því mun áætlunin ekki raska gróðri eða náttúruminjum.

4.6 Útivist og ferðamennska

Fyrir ferðamenn felst sérstaða og aðdráttarafl friðlands að Fjallabaki fyrst og fremst í feegurð náttúrunnar og huglægum víðerniseiginleikum (Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2012, bls. 42). Friðlandið er í dag nýtt til ýmis konar ferðamennsku og útivistar, svo sem gönguferða, hestaferða, veiða í vötnum og hjólreiða. Hvað varðar fjölda ferðamanna sem heimsækir Hrafninnusker var gistináttafjöldi tæplega 5000 í Höskuldsskála og tæplega 3000 á tjaldsvæði árið 2018 (Ferðafélag Íslands, 2019).

Talið er að áætlunin muni ekki hafa neikvæð áhrif á útivist og ferðamennsku á svæðinu. Urðunarstaðurinn er ekki sýnilegur frá skálanum en sést frá tjaldsvæði. Ásýnd þaðan að gryfjum ætti að batna þar sem sýnileiki sorps við förgunarstaðinn mun að öllum líkindum minnka mikið eftir byggingu sorpgeymslu.

4.7 Lykt

Losun skólps í gryfjur hefur farið fram við lok hvers tímabils, áður en Höskuldsskála er lokað fyrir veturinn. Gestir eru því farnir af svæðinu þegar losunin fer fram. Þeirri framkvæmd fylgir þó óhjákvæmilega lyktarmengun en eins og lýst var í kafla 2 hefur salernisúrgangurinn sitrað hratt niður í neðri jarðlög og jafnframt er uppgrafið efni sett yfir gryfjurnar sem minnkar lykt. Vart getur orðið við lyktarmengun í stuttan tíma á meðan verið að er að fylla gryfjurnar. Á meðan skálinn er opinn yfir sumartímenn hefur lyktarmengun frá förgunarstaðnum ekki verið til staðar, enda nær allt skólp að renna úr gryfju í neðri jarðlög áður en næsta ferðamannatímabil hefst.

Framkvæmdin er talin hafa engin áhrif á loftgæði í Hrafninnuskeri.

4.8 Samantekt á umhverfisáhrifum og niðurstaða

Í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru talin upp viðmið sem taka skal tillit til þegar metið er hvort framkvæmd sem fellur undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum geti valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum eða ekki. Viðmiðin skiptast í þrjá yfirflokka, þ.e. eðli framkvæmdar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa. Í töflu 1 eru dregnar saman helstu staðreyndir og upplýsingar sem tengjast framkvæmdinni og skírskotað til þeirra viðmiða sem sett eru fram í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

TAFLA 1 Yfirlit yfir umhverfisáhrif miðað við viðmið samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

<i>Viðmið skv. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum</i>	<i>Helstu upplýsingar sem tengjast framkvæmd</i>
Eðli framkvæmdar	Förgun salernisúrgangs þar sem innihald sorps hefur verið haldið í lágmarki með fyrirbyggjandi aðgerðum.
Staðsetning framkvæmdar	Framkvæmdin er: - Í Rangárþingi ytra . - Í Hrafninnuskeri innan friðlands að Fjallabaki. - Í 1.028 metra hæð yfir sjávarmáli. - Á svæði sem er ófært inn á á veturna og skálinn því eingöngu mannaður og opinn á sumrin, í meðalári frá 25. júní til 16. september. - Á svæði þar sem vegaaðgengi er lélegt og aðkoma að svæðinu erfið, sér í lagi fyrir stór og þung ökutæki.
Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar	- Áhrif á vatnsgæði eru talin vera hverfandi eða engin þar sem salernisúrgangur er grafinn langt utan brunn- og grannsvæðis vatnsinntaks Höskuldsskála. - Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á menningarminjar eða jarðmyndanir. - Framkvæmdin er ekki talin líkleg til að hafa neikvæð áhrif á ásjúnd þar sem gryfjur fyrir förgun á salernisúrgangi sjást ekki frá skála en sjást frá tjaldsvæði. Gert er ráð fyrir að sýnileiki förgunarsvæðisins minnki í kjölfar framkvæmdarinnar en magn ólífræns sorps í salernisúrgangi sem ekki brotnar niður í náttúrunni mun minnka umtalsvert eftir byggingu sorpgeymslu haustið 2018.

4.9 Vöktun vatnsgæða og jarðvegsmengunar

Vakta þarf gæði neysluvatns og vatnsbóla og taka reglulega sýni til að tryggja gæði þess. Einnig þarf að fylgjast með styrk þungmálma í jarðvegi í gryfjum fyrir salernisúrgang. Í minnisblaði HSL kemur fram að eftirlit með förguninni hafi verið reglulegt. Lögð verður áhersla á að HSL endurtaki vettvangsferð að hausti 2019 þegar losa á salernisúrgang í gryfjur, til að kanna magn sorps í salernisúrganginum sem líklegt má teljast að verði mun minna en áður. Einnig er lagt að endurtaka sýnatöku í jarðvegi, neysluvatni og yfirborðsvatni nálægt förgunarstað salernisúrgangs til að fylgja eftir sýnatöku sem fram fór árið 2017.

Í framhaldi af slíkri úttekt og vatns- og jarðvegsrannsókn þarf að meta hvort enn frekari úrbóta á sviði fráveitumála í Hrafninnuskeri er þörf eða hvort notast megi áfram við sams konar aðferðir við förgun salernisúrgangs.

5 SAMRÁÐ

HSL fór í vettvangsferð ásamt landverði og Ferðafélagi Íslands haustið 2017 og sendi í kjölfarið minnisblað til Ferðafélagsins með tillögum að úrbótum á sviði fráveitu- og sorpmála í Hrafninnuskeri. Unnið hefur verið samkvæmt þeirri úrbótaáætlun og var sorpgeymsla byggð eftir að byggingarleyfi fékkst haustið 2018.

Einnig hefur Ferðafélag Íslands fundað með Umhverfisstofnun en stofnunin lagði til að Ferðafélagið sækti um starfsleyfi fyrir urðun salernisúrgangs í Hrafninnuskeri. Undanfari þeirrar umsóknar er greinargerð þessi með fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdarinnar.

6 HEIMILDASKRÁ

7 VIÐAUKI I

Á neðangreindri mynd má sjá stækkaða útgáfu af deiliskipulagi fyrir skálasvæði v ið Hrafninnusker.



RANGÁRÞING YTRA - Deiliskipulag skálasvæðis við Hrafninnusker



SKÝRINGAR:

- mörk deiliskipulags
- skólamörk
- skólastær
- byggingarmörk graskála
- byggingarmörk skálasvæðis og geymslu
- rúsvand graskáli ásamt skólamörk
- hús til skýringar
- kaldavatsn
- heilavatsn
- vegalíni
- rúsvand graskáli (Lugavegur)
- fjölskipti
- brunnsvæði kaldavatsn
- grófskipti kaldavatsn
- fjölskipti, roð og skýring
- hringpunktar og númer


Deiliskipulag þetta var samþykkt af skipulagsnefnd í Rangárfing ytra þann 21. maí 2010

Tilgan var auglýst frá 23. maí til 24. júní með afhugsendadegi til 3. ágúst 2010


Deiliskipulag þetta, sem lengd hefur meðferð skóla, 25 gr. laga nr. 74/1987 m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn þann 21. maí 2010

af Sveitarstjórn Rangárfings ytra

Auglýsing um gildið deiliskipulagsins var birt í B-dæli Stjórntíðinda þann



Húsi úr Adalaskipulagi Rangárfingis 2002-2014, eða í kvarta



Hnitaskrá í ISN-93
pól - austurhlíni (x) - norðurhlíni (y)

PN	X	Y
1	40774.20	30308.27
2	40772.00	30308.00
3	40770.00	30311.27
4	40768.27	30307.75

Byggingar:
B-1: 5. maí 2010 - Byggingarmörk við 1 km 110m² af skóla- og skólaþessum, selt dag. 3. ágúst 2010
B-2: 25. maí 2010 - Byggingarmörk við 1 km 110m² af skóla- og skólaþessum, selt dag. 3. ágúst 2010

Meðfylgjandi upplýsingar þessum fylgir greinargerð með skipulags- og byggingarskiptum ásamt umhverfisskýrslu dags. 3. maí 2010 sem heitir „Deiliskipulag skálasvæðis við Hrafninnusker“.

RANGÁRÞING YTRA
HRAFNINNUSKER

Deiliskipulag skálasvæðis við Hrafninnusker

Skýringar

1:2500 300 1:2500

3. maí 2010

3. maí 2010

3. maí 2010

3. maí 2010